

Fundur keppnisráðs í torfæru Haldinn á Messenger miðvikudaginn 25.11.2024 kl 19:30

Fundarritari Axel Sigurðsson

Mættir: Axel Sigurðsson, Guðbjörn Grímsson, Sigurður Ingi Sigurðsson, Guðni Jónsson og Valdimar Geir Valdimarsson.

- Umræða um tæknimál, Bubbi hafði sent tillögur um reglubreytingar og spurði hvort menn vildu sjá frekari breytingar á reglunum. Valdi vildi sjá breytingu með belti í bílum að ef þau eru orðin teygð um 5mm þá séu þau metin ónýt. Spurt um hvernig hægt sé að meta það, svar með því að bera saman óteygðan enda við teygðan hluta beltisins. Menn verði að eiga auka belti með sér á staðnum. Talað um að meta eigi belti eftir hverja veltu og þá skera á belti ef að þau séu orðin teygð. Dæmi eru um að belti hafi slitnað í keppni á Íslandi. Rætt um að skylda aðsniðin belti fyrir HANS belti sem belti í alla bíla.
- Kallað eftir fleiri breytingum, valdi tók umræðu um grein 4 og rætt var um jeppagrindur, ákveðið að breyta engu.
- Umræða um bump stop og hvernig það eigi að standa í reglunum. Bubbi vill helst ekkert gera í þeim en aðrir vildu jafnvel skilgreina það betur. Umræða um þá sem hafa slasað sig í keppnum undanfarið og rætt um hvort bump stop hefðu breytt einhverju þar eða ekki. Rætt um hvort framleiðendur á stólum gefi út leiðbeiningar um gráðu sem eigi að vera á stólum. Mismunandi hvort svo sé og þá hvaða gráða.
- Rætt um að í stað þess að setja reglur núna um lágmarkshæð að þá verði fengnar reynslutölur frá einhverjum keppnisbílum og mögulega lagðar niður viðmiðunartölur fyrir næsta ár.
- Rætt um að setja kröfu um að deilir og slöngur í stýri séu ekki í ökumansrými. Skerma verði stýrisbúnað af frá ökumansrými, mögulega með því að hafa allt slíkt í vélarrými.
- Rætt um bremsukerfi, talað hafði verið áður um að banna boostera við bremsur. Bubbi er búinn að skoða málið og ekki er talið að breyta þurfi reglunum að sinni. Rætt um að bæta í reglur að bíll verði að geta bremsað með dauðan mótör.
- Bubbi fór yfir gulmerktar breytingar í tæknireglum sem voru breytingapunktur frá honum. Lítilsháttar athugasemdir við þær sem Bubbi ætlar að fara yfir.
- Rætt um rafgeymareglur, hvaða geyma skuli leyfa. Rætt um að AGM eða gel geymar verði leyfðir. Rætt um Lithium geyma og Bubbi sagði að það ætti að leyfa þá. Rætt um að Bubbi búi til texta til að leyfa þá. Áhyggjur frá fundarmönnum að Lithium geymar séu öruggir. Bubbi tekur að sér að búa til texta um lithium geyma.
- Rætt um fjarlægðir frá hjálmi í hliðarstuðning og fjarlægðir upp í topp á bíl frá hjálmi. Rætt um hvort lágmarksfjarlægðir séu nægjanlegar.
- Rætt um hvort setja þurfi fjar ádrepara í alla bíla. Víst ekki flókinn búnaður en það þarf að taka ákvörðun um hvað skuli gera. Ákall um þetta frá mörgum keppendum. Bubbi ætlar að skoða á sýningu í Ameríku.
- Rætt um grein 23 um veltibúr, Bubbi ætlar að skoða þennan kafla betur og koma með tillögur fljótlega.
- Rætt um að á næsta fundi þurfi að taka ákvörðun um dagskrá næsta árs, keppnisgjöld og lágmarksgreiðslu til dómara.

Fundi slitið kl 21:05